

VINNA Í LOKUÐU RÝMI Vinnuvottorð

Fyrirtæki: _____ Vinnurými: _____

Áður en farið er inn í lokað rými skal atvinnurekandi eða sá sem hann hefur tilnefnt og sá sem á að fara inn í hið lokaða rými ganga úr skugga um að öll viðeigandi öryggisatriði sem tilgreind eru hér að neðan séu í lagi eftir því sem við á hverju sinni.

HLUTI 1 - Þennan hluta skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans fylla út.

- 1.1 Hið lokaða rými hefur verið loftræst og mælt. Niðurstöður mælinga sýna að óhætt er að fara inn í rýmið.
- 1.2 Ráðstafanir hafa verið gerðar til samfelldrar loftræstingar í vinnurými, bæði meðan vinna á sér stað og í hléum.
- 1.3 Björgunar- og endurlífgunarbúnaður er til staðar við inngang í hið lokaða rými.
- 1.4 Ráðstafanir hafa verið gerðar til að vaktmaður sé ávallt til staðar við innganginn í hið lokaða rými meðan verið er þar inni.
- 1.5 Samskiptareglur milli þess er stendur vakt við innganginn og þeirra sem vinna í hinu lokaða rými hafa verið ákveðnar.
- 1.6 Aðgengi er óhindrað og lýsing er nægjanleg.
- 1.7 Handljós og færanleg ljós sem nota á eru af viðurkenndri gerð.
- Þegar ofangreindar varúðarráðstafanir í HLUTA 1 hafa verið gerðar skal sá sem fara á inn í hið lokaða rými fylla út HLUTA 2 í vottorðinu eftir því sem við á.

HLUTI 2 - Þennan hluta skal sá sem fara á inn í rýmið fylla út.

- 2.1 Atvinnurekandi eða fulltrúi hans hefur gefið fyrirmæli eða heimild til að fara inn í hið lokaða rými.
- 2.2 Varúðarráðstafanir þær sem nefndar eru í HLUTA 1 hafa verið gerðar.
- 2.3 Ljóst er að yfirgefa ber rýmið tafarlaust ef loftræsting bilar.
- 2.4 Samskiptareglur við vaktmann við inngang eru skýrar og ákveðnar.

HLUTI 3 - Þegar notaður er ferskloftsbúnaður skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans og sá sem fara á inn í hið lokaða rými fara yfir eftirfarandi öryggisatriði.

- 3.1 Þekking á þeim ferskloftsbúnaði sem nota á er fyrir hendi.
- 3.2 Eftirfarandi atriði hafa verið skoðuð og prófuð á tækinu:
- (i) Loftþrýstingur og áætlaður notkunartími.
- (ii) Hjóðviðvörðun vegna lítills loftþrýstings.
- (iii) Öndunargríma búnaðarins virkar rétt.
- 3.3 Samskiptareglur hafa verið prófaðar og menn hafa komið sér saman um hvernig neyðarmerki skuli vera.

Þegar fara á inn í hið lokaða rými skal sá sem gætir inngangsins kanna hvort búið sé að fylla út vottorðið og skrifa undir það. Einungis skal heimila inngöngu ef öll viðeigandi atriði eru í lagi.

Dagsetning: _____

undirskrift atvinnurekanda/fulltrúa hans

undirskrift starfsmanns
